

## Reglur um leyfi grunnskólakennara til þátttöku í íþróttamótum

Heimilt er að skólastjórum innan þeirra marka er reglur þessar ákveða að veita kennurum leyfi frá störfum án skerðingar fastra launa til að taka þátt í íþróttamótum, enda fái þeir ekki greiðslu vegna vinnutaps frá öðrum aðilum. Leyfi þetta takmarkast við leikmenn, farastjóra og þjálfara vegna þátttöku í Ólympíuleikum, heimsmeistaramótum, Evrópumeistaramótum, Norðurlandamótum og landskeppni.

Frekari skilyrði fyrir leyfisveitingum eru:

- a) Umsókn um leyfi skal berast skólastjóra minnst mánuði fyrir brottför. Í umsókninni skal greina frá mótisdögum og ferðaáætlun.
- b) Leyfið skal bundið við þann tíma er íþróttamótið stendur auk ferðadaga. Ekki er skólastjóra heimilt að veita kennara leyfi með launum til æfingar eða dvala í æfingarbúðum né til einkaerinda sem ætlað er að fella saman við keppnisferðina. Sé af sérstökum ástæðum óskað eftir rýmkun frá þessum reglum skal sækja um það til sveitarstjórnar með minnst mánaðar fyrirvara hverju sinni.

*Samþykkt á 49. Fundi KÍ og launanevndar sveitarfélaga 27. Ágúst 2002*

*Með vísan í fundargerð samstarfsnefndar og launanevndar sveitarfélaga á 49 fundi nefndarinnar, 5. gr. samþykkir bæjarráð á eftirfarandi: Heimilt er skólastjórum að ákveða að veita fastráðnum kennurum leyfi frá störfum án skerðingar fastra launa í allt að 6 dögum á ári til að taka þátt í íþróttamótum sem haldin eru á vegum aðildarsamtaka ÍSÍ, enda fái þeir ekki greiðslu vegna vinnutaps frá öðrum aðilum. Að öðru leiti vísast til þeirra skilyrða sem getið er um í tilgreindri samþykkt samstarfsnefndarinnar.*

*Samþykkt í bæjarráði Vestmannaeyja 29. September 2015*